

Alþingi  
Erindi nr. P 139/963  
komudagur 14.12.2010

Alþingi  
Viðskiptameynd *Efnis-skv.*  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK



ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími 515 5300  
Fax 515 5310 | skra@skra.is | www.skra.is

Reykjavík, 9. desember 2010

Tilvísun: 10110380/04.00/MH

**Efni: Frumvarp til laga um úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja.**

Þjóðskrá Íslands hefur verið veittur kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum til frumvarps til laga um úttekt á fjárhagsstöðu heimilanna, þskj. 269 - 238. mál. Stofnunin hefur engar efnislegar athugasemdir við frumvarpið en leggur til eftirfarandi breytt orðalag í 4. tl. 2. gr.:

*"Frá Þjóðskrá Íslands: Upplýsingar um kennitölur einstaklinga ásamt fjölskyldunúmeri þeirra, kyni, ríkisfangi og fastri búsetu hér á landi. Enn fremur upplýsingar um fasteignamat og nauðungarsölur íbúðarhúsnæðis."*

En fjölskyldunúmer er kennitala elsta einstaklingsins innan fjölskyldu.

Þá er bent á að heiti stofnunarinnar er Þjóðskrá Íslands, en það er ekki rétt með farið í frumvarpinu því þar er gengið út frá að heiti stofnunarinnar sé Þjóðskrá.

Í almennum athugasemdum frumvarpsins segir í umfjöllun um breytingar á frumvarpinu frá fyrri framlagningu að fleiri upplýsingum og skráarhöldurum hafi verið bætt við frumvarpið og þar megi nefna Fasteignamat ríkisins, nú Þjóðskrá [Íslands]. Í því sambandi er tekið fram að heiti stofnunarinnar var breytt úr Fasteignamat ríkisins í Fasteignaskrá Íslands frá 1. janúar 2009 sem var svo aftur breytt í Þjóðskrá Íslands með sameiningu Fasteignaskrár Íslands og Þjóðskrár frá 1. júlí 2010.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Margrét Hauksdóttir  
aðstoðarforstjóri